

Eftirfarandi leiðbeiningar eru til hliðsjónar við samþykkt reikninga vegna rannsóknarkostnaðar. Mikilvægt er að rannsóknarkostnaður sé bókaður á rétt viðfang til að halda utan um verkefni stofnunarinnar.

Rannsóknarkostnaður getur verið kostaður af stofnuninni, kostaður af ráðuneyti eða öðrum stofnunum, kostaður af gjaldskrá stofnunarinnar eða áframrukkaður til eftirlitsþega.

Starfsmaður skal ávallt leita hagstæðasta verðs hjá rannsóknarstofum. Með samþykkt á reikningum eru starfsmenn að staðfesta að reikningurinn sé réttur og í samræmi við uppgefin verð og veitta þjónustu og því nauðsynlegt að yfirfara reikninginn m.t.t. fjölda sýna, uppgefin verð o.s.frv.

### Beiðnir til rannsóknastofa

Mikilvægt er að tryggja að sami reikningurinn frá rannsóknastofu sé ekki vegna margra ólíkra og ótengdra rannsókna. **Það er á ábyrgð verkbeiðanda að tryggja að reikningur vegna rannsóknarkostnaðar uppfylli eftirfarandi skilyrði:**

- Að reikningur sé aðgreindur frá öðrum verkefnum/rannsóknum (ekki safna í stóran reikning með mörgum ótengdum verkefnum).
- Að tilvísun í verkefni og nafn starfsmanns komi fram á reikningi.

Þetta verður til þess að bókun, samþykkt og afgreiðsla reiknings gengur hraðar fyrir sig og tryggir að kostnaður sé bókaður á rétt viðfang.

Séu upplýsingar á reikningum ekki fullnægjandi eða fyrir mörg ótengd rannsóknarverkefni er ekki hægt að samþykkja reikninginn. **Verkbeiðandi, sá starfsmaður sem samþykkir reikninginn, þarf að óska eftir nýjum reikning frá rannsóknarstofunni sem uppfyllir ofangreind skilyrði.**

Rannsóknarkostnaður vegna sýna sem eru tekin vegna **gruns um riðu** (sláturhúsi/umdæmi) er greiddur af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í öllum tilfellum.

### Samþykkt reikninga vegna rannsóknarkostnaðar

Við samþykkt reikninga skal samþykkjandi reiknings **tilgreina viðfangið** sem rannsóknarkostnaðurinn bókast á (sjá fylgiskjal með viðföngum rannsóknarkostnaðar) og nánari skýringar ef þarf.

Ef reikningurinn tilheyrir ákveðnu verkefni sbr. skimun á markaði, sýklalyfjaónæmi, vöktun á áhættuþáttum matvælaöryggis skal einnig tilgreina það í svári til bókara, með því að tilgreina heiti verkefnis eða vídd ef það á við.

### Reikningur vegna rannsóknarkostnaðar áframrukkaður

Ef áframrukka á reikninginn til þriðja aðila er mikilvægt að upplýsa um slíkt við samþykkt reikningsins. Jafnframt skal bæta við [innheimta@mast.is](mailto:innheimta@mast.is) í viðtakendalista tölvupóstsins. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja með:

- Hvert á að áframrukka reikninginn? Nafn aðila/stofnunar/fyrirtækis.
- Aðrar upplýsingar sem málið varðar s.s. málsnúmer, ástæðu reiknings o.s.frv.
- Ef skipta á reikningnum á milli fleiri aðila þurfa þær upplýsingar að koma fram ásamt upplýsingum um skiptinguna.

**Vakin er athygli á því að það er á ábyrgð verkbeiðanda/starfsmanns að upplýsa bókara ([bokhald@mast.is](mailto:bokhald@mast.is)) og innheimtufulltrúa um áframrukkun reikningsins.**

### Ný verkefni sem munu leiða til rannsóknarkostnaðar

Mikilvægt er að upplýsa **sviðsstjóra upplýsingatækni og reksturs** og **bókara** ([bokhald@mast.is](mailto:bokhald@mast.is)) um ný verkefni innan stofnunarinnar sem munu leiða til rannsóknarkostnaðar, **áður en þau hefjast.**

Við bókun er hægt að merkja reikninga hvers verkefnis með vídd (ákveðið númer) til að auðvelda utanumhald og greiningar. Þessi númer þarf að stofna hjá Fjársýslu ríkisins og því mikilvægt að það sé gert áður en stofnað er til kostnaðar. Það er mikil vinna fyrir bókara að leiðrétta færslur í bókhaldi til að skrá vídd eða annað viðfang, eftir að verkefni er hafið.

### Tímarammi samþykktarferlis reikninga

Mikilvægt er að reikningur berist MAST eigi síðar en 30 dögum eftir að verki er lokið og skal verkbeiðandi fylgja því eftir verði dráttur á því. Samkvæmt nýjum reglum Fjársýslu ríkisins (FJS) um skal bókun reikninga fyrri mánaðar vera lokið fyrir 20. hvers næsta mánaðar.

Jafnframt er mikilvægt að bregðast við án tafar þegar óskað er eftir samþykki reiknings. **Ef leiðrétta þarf reikning þá er það verkbeiðandi sem hefur samband við rannsóknarstofuna og óskar eftir leiðréttingu.**

Frá því að reikningur berst stofnuninni þá eru einungis 20 dagar til stefnu, til að leita samþykkis, bóka og afgreiða til FJS til greiðslu. Eftir það byrja dráttarvextir að telja.